

Matsáætlun Hamraskóla

Sjálfsmat er mikilvægur þáttur í starfsþróun grunnskóla sem sífellt þurfa að mæta nýjum áskorunum. Með sjálfsmati skoða skólar og meta eigin starfsemi, styrkleika og þætti sem hægt er að bæta. Markmið sjálfsmatsáætlunarinnar er að stuðla að stöðugri endurskoðun og þróun, þannig að námsumhverfi og kennsla verði sífellt betri og árangursríkari fyrir alla nemendur.

Hamraskóli ásamt skólum í Austurhverfi er þátttakandi í þróunarverkefni um innra mat. Sameiginleg áætlun liggur fyrir um þá þætti sem verða teknir fyrir í innra mati næstu árin en hver skóli útfærir og aðlagar áætlunina að starfseminni. Hamraskóli hefur fylgt áætluninni hér fyrir neðan. Búið er að meta og gera umbótaáætlanir fyrir kaflana **Árangur náms**, **Ábyrgð og þátttaka** og **Inntak og námskrár**. Kaflinn Faglegt samstarf og samræða hefur verið metinn en umbótaáætlun er í vinnslu.

Langtímaplan innra mats fyrir austur

2022-2023 2.2. Árangur náms ✨ 2.6. Ábyrgð og þátttaka ✨	2025-2026 2.4. Skiplag náms 1.3. Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu
2023-2024 2.1. Inntak og námskrár 1.2. Faglegt samstarf og samræða	2026-2027 2.5. Námsvitund 1.6 Starfsmannastjórnun og verkaskipting 1.5. Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir.
2024-2025 2.3. Gæði kennslu 1.4. Umbætur og innleiðing breytinga	2027-2028 1.1. Samvirkni í stefnumótun 1.7. Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsfólks

Áhersluþáttur skólaársins 2024 -2025 er fyrst og fremst kaflinn um **Gæði kennslu**. Matslistar fyrir innlit í kennslustundir hafa verið unnir af matsteymi og yfirfarnir af kennarahópnum. Þeir liggja til grundvallar þegar heimsóknir í kennslustundir hefjast. Matslistarnir eru unnir með kennsluaðferðir leiðsagnarnáms að leiðarljósi þar sem Hamraskóli leggur áherslu á þá hugmyndafræði.

Auk þeirra þátta sem fram koma í langtímaáætluninni hér að ofan þá eru reglulega lagðar fyrir starfsmannakannanir, foreldrakannanir og nemendakannanir sem nýttu eru til að greina styrkleika og veikleika og umbótaáætlun unnin.

Stoðþjónusta skólans vinnur einnig áætlanir til úrbóta úr þeim könnunum sem lagðar eru fyrir nemendur á hverju skólaári og snúa að læsi, stærðfræði og öðru námsgreinatengdu.

Matsáætlun Hamraskóla fyrir skólaárið 2024 -2025.

Tími	Matsþættir - verkefni	Úrvinnsla
Ágúst - desember	Umbótaáætlanir fyrir kafla 2.2, 2.6 og 2.1 yfirfarnar og umbótaþættir sem ekki hefur tekist að mæta skoðaðar sértaklega og tímarammi settur fyrir úrbætur.	Matsteymi vinnur úr niðurstöðum og kynnur fyrir kennurum.
Nóvember – desember	Matslistar fyrir innlit í kennslustundir rýndir með kennarahópnum þannig að þeir geti undirbúið sig sem best fyrir heimsóknir og gefið sér tíma í að bæta þá þætti sem þeir eru óöruggir í eða þarfnast leiðsagnar. Um miðjan desember svarar hver og kennari matslistanum og skilar til stjórnenda.	Stjórnendur fara yfir matslistana og meta út frá þeim hverjir þurfa helst leiðsögn. Í framhaldinu er kennurum boðið upp fræðslu eða handleiðslu um þá þætti sem betur þarf að skýra.
Janúar	Niðurstöður nemendakönnunar Skólapúlsins kynntar fyrir kennurum	Umbætur unnar í samráði við umsjónarkennara þeirra bekkja sem tóku könnunina.
Janúar	Niðurstöður úr Íslensku æskulýðsrannsókninni kynntar fyrir kennurum	Umbótaáætlun unnin út frá niðurstöðum.
Janúar – apríl.	Á þessu tímabili verður farið í innlit í kennslustundir hjá öllum kennurum.	Þeir sem fara í innlit skrá niður styrkleika og þá þætti sem kennari þarfnast frekari stuðnings við.
Febrúar - apríl	Niðurstöður úr viðhorfskönnun /Stofnun ársins rýndar út frá styrkleikum og veikleikum.	Umbótaáætlun unnin og þáttum sem þarf að bæta komið í ferli.
Apríl - júní	Kaflinn Umbætur og innleiðing breytinga metin af starfsfólki	Umbótaáætlun unnin út frá niðurstöðum í kjölfar mats.